

## Fjórtaði fundur haldinn á Breiðabliki 11. desember 2014 kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Halldór sigurkarlsson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson og ritar hann fundargerð.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Svæðisskipulagstillaga. **Svæðisskipulagstillaga fyrir Snæfellsnes, ásamt umhverfisskýrslu, er í samræmi við þetta lögð fyrir hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps til afgreiðslu, sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga.**

**Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir endanlega tillögu svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi að „Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026“ fyrir sitt leyti.**

**Hreppsnefnd samþykkir jafnframt meðfylgjandi umhverfisskýrslu svæðisskipulagsnefndar: „Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 Umhverfisskýrsla“, sem unnin er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.**

**Hreppsnefnd samþykkir að tillagan verði í framhaldinu send Skipulagsstofnun til endanlegrar staðfestingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.**

2. 31. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 11. nóvember. **Samþykkt. Hreppsnefnd áréttar að framkvæmdaraðilar fari eftir því sem samþykkt er í skipulags og byggingarnefnd og að skipulags og byggingarfulltrúi afli allra nauðsynlegra gagna áður en mál eru tekin fyrir í nefndinni.**
3. Fjárahagsáætlun vegna 2016-2018 seinni umræða. **Samþykkt.**
4. Verkefnið betri plön. **Samþykkt að 2015 verði síðasta árið í þessu verkefni.**
5. Verkefnið betra ljós. ( ljósleiðari ). **Oddviti fór yfir stöðu mála og mun vinna að málinu.**
6. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dagsett annan desember og varðar lögmæti boðunar hreppsnefndarfundar 17. apríl 2014. **Bréfið lagt fram og hreppsnefnd hefur kynnt sér það.**
7. Fyrirkomulag heimþjónustu sveitarfélagsins. **Samþykkt að Félags og Skólþjónustan sjái um faglega þáttinn.**
8. Umsókn um brennuleyfi. **Samþykkt að oddviti afgreiði brennuleyfisumsóknir.**

Til kynningar:

1. Opinber útgáfa fundargerðar 145. fundar félmn Snæfellinga 11.11. 2014
2. Launasamkomulag við skipulags og byggingarfulltrúa frá 2006
3. Minnisblað frá frá hag – og upplýsingarsviði sambandsins og varðar horfur í efnahagsmálum.
4. Kostnaðaráætlun og rekstur Svæðisgarða 2014
5. Stefnumótun sambandsins 2014 – 2018
6. 822 fundargerð sambands íslenskra sveitarfélaga
7. Opinber útgáfa fundargerðar 146. fundar félmn Snæfellinga 02.12. 2014

8. 30. Fundur framkvæmdaráðs
9. fundargerð\_fulltruarads\_FVA\_2014\_1022

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Halldór Jónsson ( sign )  
Gísli Guðmundsson ( sign )  
Halldór Sigurkarlsson( sign )  
Atli Sveinn Svansson ( sign )  
Eggert Kjartansson ( sign )